

## REGLUGERÐ

### um (6.) breytingu á reglugerð um áhættusöm þriðju lönd vegna aðgerða gegn peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka nr. 105/2020.

#### 1. gr.

Við 1. gr. reglugerðarinnar bætist nýr töluliður, töluliður 10, svohljóðandi:

10. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2070 frá 18. ágúst 2023 um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) 2016/1675 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/849, að því er varðar að bæta Kamerún og Vietnam í töfluna í I. lið í viðaukanum, sem vísað er til í IX. viðauka sammingsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 252/2018 frá 5. desember 2018. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 83, 16. nóvember 2023, bls. 182.

#### 2. gr.

Listi yfir áhættusöm þriðju lönd, sem birtur er sem fylgiskjal við reglugerð nr. 105/2020, tekur breytingum til samræmis við þær breytingar sem greinir í 1. gr. reglugerðar þessarar. Listinn er birtur sem fylgiskjal við reglugerð þessa þannig breyttur.

#### 3. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 56. gr. laga um aðgerðir gegn peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka nr. 140/2018 og öðlast þegar gildi.

*Dómsmálaráðuneytinu, 22. nóvember 2023.*

**Guðrún Hafsteinsdóttir.**

*Haukur Guðmundsson.*

**Fylgiskjal.****Listi yfir áhættusöm þriðju lönd,  
sbr. framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1675.**

- I. Áhættusöm þriðju lönd sem hafa sett fram skriflega, pólitíska skuldbindingu háttsettra aðila til að ráða bót á greindum annmörkum og hafa útbúið aðgerðaáætlun með fjármálaaðgerðahópnum (FATF).

Nr.	Áhættusamt þriðja land
1	Afganistan
2	Barbados
3	Búrkína Fasó
4	Kamerún
5	Cayman-eyjar
6	Lýðveldið Kongó
7	Gíbraltar
8	Haítí
9	Jamaíka
10	Jórdanía
11	Malí
12	Mósambík
13	Myanmar (Mjanmar)
14	Nígería
15	Panama
16	Filippseyjar
17	Senegal
18	Suður-Afríka
19	Suður-Súdan
20	Sýrland
21	Tansanía
22	Trínidad og Tóbagó
23	Úganda
24	Sameinuðu arabísku furstadæmin
25	Vanúatú
26	Víetnam
27	Jemen

- II. Áhættusöm þriðju lönd sem hafa sett fram skriflega, pólitíska skuldbindingu háttsettra aðila til að ráða bót á greindum annmörkum og hafa ákveðið að fara fram á tækniástoð við að innleiða aðgerðaáætlun fjármálaaðgerðahópsins, og sem eru auðkennd í opinberri yfirlýsingu fjármálaaðgerðahópsins (FATF).

Nr.	Þriðja land með mikla áhættu
1	Íran

III. Áhættusöm þriðju lönd þar sem er viðvarandi og veruleg hættu á peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka og sem hefur ítrekað mistekist að ráða bót á greindum annmörkum, og sem auðkennd eru í opinberri yfirlýsingu fjármálaáðgerðahópsins (FATF).

Nr.	Áhættusamt þriðja land
1	Alþýðulýðveldið Kórea